

Fúnir
fiðrildavængir

Jóhanna Dagrún Daðadóttir

Fúnir fiðrildavængir

Jóhanna Dagrún Daðadóttir

Ljósmyndir og ljóð: Jóhanna Dagrún Daðadóttir

Formáli

Þessi ljóðabók er lokaverkefni mitt til útskriftar úr Verkmenntaskóla Austurlands. Ég vil þakka vinkonum mínum fyrir veittan stuðning og hvatningu, og Ingibjörgu Þórðardóttur fyrir hjálpina.

Mér hefur lengi fundist gaman að skrifa og skapa persónur en það að yrkja ljóð er tiltölulega nýtt áhugamál. Ég heillaðist af ljóðum í íslenskunáminu í skólanum og reyndi í kjölfarið að spreyta mig í þessu sjálf. Það hefur verið skemmtilegt og fræðandi, og ég vona að ég hafi með þessum ljóðum náð að fanga tilfinningar sem aðrir geta tengt við.



Var þetta bara skuggi,
einhver að gera að mér gys
eða er ég næsta frétt á mbl.is?



Ég er óstöðugt atóm

ráfandi um á
tilviljunarkenndan hátt


leitandi af tengingu.



Lífið er ferðalag
en ég veit ekki hve langt.
Ég veit það samt
að ég er á vitlausum vegarhelmingi
fer alltof hægt
og ég kemst ekki í fimmta gír.



Líður eins og diskókúlu sem snýst
hring eftir hring
þó partýið sé löngu búið.
Krumpað blað sem endaði neðst í töskunni
og gleymdist.



Það er allt í rusli í hausnum á mér
ég er ekki með allt á hreinu,
ég veit það er hreint inni hjá þér
það amar ekkert að neinu.

Bráðum mun ég taka til
en ekki alveg strax.
Læt það slæða um árábil
eða til næsta mánudags.




Slekk ekki á ljósinu því annars kviknar á hugsunum
stundvísar og marksæknar, taka hlutverki sínu alvarlega.
Ef ég sofna ekki núna munu þær hvort sem er kæfa mig,
svo ég leyfi þeim það.



Vona að næsti sopi drekki fiðrildunum í maganum
og hægi á hjartslættinum.

Vona að þú heyrir ekki í mér í kvöld,
vona að ég sjái þig ekki í heila öld.



Spúi eldi þegar ég opna munninn
eins og drekinn í ævintýrinu
sem vildi bara tala við fólkið
en brenndi í stað þess þorpið.
Er ég misskilin
eða bara vond manneskja?



Þögn
sem er hvorki vandræðaleg
né óþægileg
eða skerandi.
Því enginn getur neitt sagt,
ekkert getur bætt ástandið,
ekkert getur gert þetta minna hræðilegt.
Afhverju að brosa ef það er falskt?
Enginn tilgangur,
það er allt einfaldlega glatað.


Brotin rödd sem ég vil aldrei heyra aftur,
tárbot, tóm augu sem horfa út um gluggann.
Úti skín sólin eins og ekkert sé,
hún ætti að skammast sín.



Bókasafnsferð

Drekk hlandvolgan drykk úr dós
og glápi á tölvuskjáinn,
strákur mér við hlið angar eins og fjós
eða smá eins og hann sé dáinn.


Ég fer nú að koma mér bráðum
kem hvort eð er engu í verk.
Hann heldur að ég fari að sjálfsdádum
en það er ólíft hérna, lyktin er svo sterk.



Þú kvartar yfir veðrinu en fimmbúsund kílómetra í burtu
rignir sprengjum yfir saklaust fólk.

Þú getur tekið puttan af púlsinum,
slökkt á fréttunum,

litið í hina áttina,
en með hverjum deginum verður heimurinn brenglaðri
og það er ekki mikið sem þú getur gert í því.



Etir sólskinið kemur alltaf rigning
vindur, þoka og bylur.
Á ég að hleypha sólinni inn
þó ég viti að hún muni svíkja mig
með því að hverfa í hvert sinn?



Ef ég gæti, þá ég myndi
fanga þetta augnablik
fanga það í skyndi
en það mér ómögulegt er
því tíminn er eins og vatnið
og hann rennur úr greipum mér.

